

34. karateþing Karatesambands Íslands 28. febrúar 2021

1. Þingsetning.

Reinhard Reinhardsson, formaður KAÍ, setur þing kl. 10.09. Formaðurinn býður þingfulltrúa velkomna á þetta 34. Karateþing en jafnframt eru 36 ár frá stofnun sambandsins í dag.

Lögmæti þings:

- Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar: *28. febrúar 2021*
- Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara: *Á heimasíðu KAÍ 1. febrúar 2021*
- Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð: *Á heimasíðu KAÍ 13. febrúar 2021*

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Þingforseti: Ævar Austfjörð

Þingritari: Hafþór Ómar Sæmundsson

Þingforseti og þingritari kjörnir með lófataki.

Ávarp gesta.

Gunnar Bragason, gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Gunnar flutti kveðjur frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn.

Þakkaði fyrir skýrslu og reikninga sambandsins sem sýna góða fjármálastjórn.

Einnig fór hann yfir helstu verkefni framundan hjá ÍSÍ. Mikið samstarf hefur verið

við stjórnvöld vegna Covid-19 og hafa þau skyrkt íþróttir í landinu með

fjárframlögum. Mikið starf fer fram á afrekssviði ÍSÍ sem nýtist sambandsaðilum. Í

lokin óskaði hann þingheimi velfarnaðar í störfum sínu.

3. Kosnar fastar nefndir, skipaðar 3 mönnum hver.

Þingforseti leitar afbrigða vegna sóttvarnarráðstafanna og leggur til að ekki verði kosið í aðrar þingnefndir en Kjörbréfanefnd. Fá mál liggja fyrir þinginu og réttast er að þingfulltúrar komi í pontu til að ræða það sem þarf. Samþykkt einróma.

1. Kjörbréfanefnd

1. Pétur Freyr Ragnarsson
2. Rut Guðbrandsdóttir

3. Kristján Ó. Daviðsson

4. Skýrsla stjórnar.

Formaður gefur skýrslu fyrir hönd fráfarandi stjórnar. Skýrslan er aðgengileg á heimsíðu KAÍ.

Kjörbréfanenfund lýkur störfum.

18 fulltrúar karatedeilda og -félaga eru á þinginu. Allir hafa þeir kjörgengi og tillögurétt.

5. Ársreikningur.

María Jensen, gjaldkeri KAÍ, leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar. Reikningar sambandsins eru aðgengilegir í ársskýrslu sambandsins á heimasíðu KAÍ,

Þingforseti ber reikningana upp til samþykktar.
Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun

Formaður leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár fyrir hönd stjórnar. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 er gerð með fyrirvörum um áhrif Covid-19 á starfssemi sambandsins. Gert er ráð fyrir tekjum upp á 26.400.000 kr og gjöld upp á 25.050.000 kr. Tekjuafgangur upp á 1.350.000 kr.

Þingforseti ber tillöguna upp til samþykktar.
Samþykkt samhljóða.

7. Laga- og leikreglubreytingar

Reinhard Reinharðsson, kynnir tillögu stjórnar um breytingu á keppnisflokkum á mótum á vegum sambandsins á árinu. Lagt er til að flytja 16 til 17 ára flokka frá unglingamótum yfir á fullorðinsmótin árið 2021.

Nokkur umræða skapaðist um málið og komu fram sjónarmið með og á móti breytingunni.

Visað til stjórnar.

Formaðurinn lagði fram uppfærða Afreksstefnu KAÍ fyrir árin 2021- 2024.

Þingforseti ber Afreksstefnuna upp til samþykktar.

Afreksstefnan samþykkt einróma.

8. Aðrar tillögur og mál

Engar aðrar tillögur eða mál liggja fyrir.

9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

– Þ I N G H L É –

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Formaður leggur fram tillögu stjórnar um stjórn, varastjórn, skoðunarmenn reikninga og Aganefnd KAÍ.

10. Kjörnefnd

Tilnefnd í stjórn:

- Reinharð Reinharðsson, formaður
- Elías Guðni Guðnason
- Rut Guðbrandsdóttir
- María Jensen
- Ævar Austfjörð

Tilnefnd í varastjórn:

- Hafþór Ómar Sæmundsson
- Sigþór Samúelsson
- Katrín Ingunn Björnsdóttir

Tilnefnd í aganefnd:

- Pétur Freyr Ragnarsson, formaður
- Birkir Jónsson
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem C. Verheul
- Magnús K. Eyjólfsson

Varamenn í aganefnd:

- Ævar Autfjörð
- Grétar Örn Halldórsson
- Vicente Carrasco

Tilnefndir skoðunarmenn reikninga:

- Haukur Jónsson
- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

11. Önnur mál.

Helgi Jóhannesson: Spurði um að fara með mót út á land.

Ólafur H. Hreinsson: ræður um dómaramál. Vantar dómara og kunnáttu um allt sama. leggur fram spurning hvað er hægt að gera. Finsnt allt vera í lamasessi (nema umgjörðin)

Ævar Austfjörð: ræðir um upplifun á móti.

Sigþór Samuelsson á sama máli og Ólafur.

Ólafur: Álag á dómara og vannkunnáttu á að vera á móti hjá þjálfurum og keppendum.

Helgi. Ræður um hvernig er að vera dómari. Léleg mæting á dómaramámskeiðum.

Graciete das Dore. Ræðir um að það vanti fleiri til að hjálpa á mótum.

María Jensen. Ræðir um hjálp á mótum, alltaf sama fólkið sé á mótum.

Ólafur og Sigþór. Þarf að kaupa eða veita afslátt til að fá fólk til að hjálpa á mótum?

Helgi . fara með og efla allt þetta í félöginn og álag sem þjálfar.i

Lagði upp spurning hvað vljum við gera og hvert erum við að stefna með karate á Íslandi.

12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Úr lögum KAI: Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Kjörin í stjórn:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Elías Guðni Guðnason
- Rut Guðbrandsdóttir
- María Jensen
- Ævar Austfjörð

Kjörin í varastjórn:

- Hafþór Ómar Sæmundsson
- Sigþór Samúelsson
- Katrín Ingunn Björnsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

- Haukur Jónsson
- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.

Aganefnd:

- Pétur Freyr Ragnarsson, formaður
- Birkir Jónsson
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem C. Verheul
- Magnús K Eyjólfsson

Varamenn:

- Ævar Austfjörð
- Grétar Örn Halldórsson
- Vicente Carrasco

14. Val fulltrúa á Íþróttaping.

Vísað til stjórnar.

15. Þingslit.

Reinharð Reinharðsson formaður slítur þingi kl. 12.05

Ævar Austfjörð _____
þingforseti

Hafþór Ómara Sæmundsson _____
þingritari